

Fundur haldinn í fræðslunefnd að Húnavöllum þann 18. september 2007.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, skýrsla formanns.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Ungmenna og tómstundabúðir 9. bekkinga.
4. Reikningar mötuneytis kynntir.
5. Önnur mál.

1. Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fimm daga skóli fór að stað í haust fyrir 1.-4. bekk. Vandræði voru með mönnun stöðu matráðs fyrir mötuneytið en það leystist þannig að starfsstúlkurnar þrjár tóku það að sér í sameiningu. Rætt var um skólaakstur og viðhald skólahúsnæðisins.

2. Fimm dagaskóli var settur á í haust fyrir 1.-4. bekk og hefur hann farið vel af stað. Meiningin er sú að kaupa leiktæki fyrir gæsluna. Tölvustofa, íþróttasalur, bókasafn, heimilisfræðistofa, kjarni, og útiaðstaða er notað fyrir það. Góður árangur varð í samræmdum prófum hjá 10. bekk í vor, í öllum greinum. Margir kennarar eru nú í námi í vetur, ekki ætti að verða mikil röskun út af því. Guðrún Bjarnadóttir mun verða tilbúin að hlaupa í skarðið þegar þarf.

3. Skólastjóri og Jóhanna kennari kynntu Ungmenna og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal. Þar geta allt að 90 börn verið í einu í viku í senn. Kennarar fara með, kostnaður kr. 12.000. á barn fyrir utan ferðina. Mjög vel hefur verið látið af þessum búðum. Dreift var kynningarefni um þetta til fundarmanna. Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða, “Fræðslunefnd óskar eftir að sveitarstjórn samþykki aukafjárveitingu til skólans til að mæta kostnaði vegna ferðar 9. bekkinga í Ungmenna og tómstundabúðir í Sælingsdal haustið 2007”.

4. Formaður kynnti reikninga mötuneytis. Eign 31.7.2007. Í banka var 2.353.839 kr. Tap á síðasta ári var 244.000 kr. Tekjur 5.524.798 kr. og gjöld 5.768.704 kr. Búið er að skoða verðbreytingar, almennt eru hækkanir á vörum töluverðar. Ákveðið var að hækka verð í 250 kr. á dag fyrir þetta skólaár. Bréf verður sent til foreldra þess efnis.

5. Önnur mál.

Eftirfarandi samþykkt samhljóða, “Fræðslunefnd óskar eftir að sveitarstjórn samþykki heimild til skólans til að ráða listamann að myndlistaviku annað hvert ár eins og verið hefur”. Stígandi fer að hefjast handa við leikskólabygginguna. Verklok eiga að vera næsta vor.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir

Þorkell Ingimarsson

Jóhanna S. Jóhannsdóttir

Kristín Rós Sigurðardóttir

Ægir Sigurgeirsson

Sigurður Árnason

Eline Schrijver

Pétur Pétursson